



Tillögur til ársfundar ASÍ 2005 um sérstakt kynningarátak fyrir sterkari ímynd verkalýðshreyfingarinnar

Staðan

Í greiningu og vinnu formanna landssambanda og stærstu félaga á stöðu og starfsháttum verkalýðshreyfingarinnar hefur komið í ljós að ímynd verkalýðshreyfingarinnar þykir um margt þunglamaleg og gamaldags og kynningarstarf og fjölmiðlasamskipti þarfnist endurskipulagningar. Á sama tíma sýna landsmenn mikinn skilning á mikilvægt öflugrar verkalýðshreyfingar fyrir þróun samfélagsins og réttindum launafólks. Mikilvægt er því talið að styrkja stöðu ASÍ sem samnefnara samtaka launafólks bæði gagnvart viðsemjendum verkalýðshreyfingarinnar, félagsmönnum hennar og almenningi í landinu.

Hugmyndir verkefnishóps um fyrstu skref

Formenn landssambanda og stærstu félaga telja mikilvægt að gera ímynd ASÍ beittari og forseta sambandsins sýnilegri. Jafnframt er talið að hreyfingin verði að marka sér ákveðna "PR-stefnu" sem setji ASÍ, samböndum og félögum viðmiðunarramma þannig að hægt verði að stilla einstaka miðla og útgáfustarf hreyfingarinnar betur saman. Jafnframt er talið mikilvægt að leitast við að fjölga stuttum fréttum á netmiðlum hreyfingarinnar til þess að laða fjölmiðla frekar að þeim og að sérstaklega verði skoðað hvernig standa megi að kynningarátaki um verkalýðshreyfinguna og hvers vegna fólk eigi að vera í stéttarfélagum.

Stefnumótun

Eðlilegt er að takast á við þetta verkefni með ítarlegri greiningu og stefnumótunarvinnu um kynningarstarf hreyfingarinnar með sérstaka áherslu á stöðu og hlutverk ASÍ samhliða skoðun á kynningarstarfi einstakra sambanda og aðildarfélaga í þeim efnum með hugsanlegum ábendingum um hvar gera megi betur. Afrakstur stefnumótunarvinnunnar verði tillögur um nýjar áherslur og leiðir í kynningarstarfi. Móta þarf aðgerðaáætlun til lengri og skemmri tíma þar sem markmið og heildarstefna, orðfæri og hugtök, merki, litir, áferð, markhópar, leiðir og miðlar, talsmenn o.s.frv. verði skýrð. Gert er ráð fyrir að þessi greiningar- og stefnumótunarvinna kosti um 10 mill.kr. Byggt á þessari vinnu verði síðan farið í 3-5 ára kynningarátak til þess að áþreifanlegur árangur í sterkari ímynd verði að veruleika. Gera má ráð fyrir að slíkt átak kosti um 15 mill.kr. á ári.

Fjármögnun

Ljóst er að ekki er svigrúm til að fjármagna slíkt kynningarátak alfarið úr rekstri ASÍ. Því hafa formenn landssambanda og stærstu félaga skoðað ýmsar leiðir í þessu sambandi, sem fela í sér að kostnaði vegna þessa verkefnis verði mætt með fjármunum úr Menningar- og fræðslusjóði, en hann hefur mikilvægu hlutverki að gegna í kynningarmálum hreyfingarinnar, framlögum úr Sambandssjóði og beinni aðkomu aðildarfélaga með tímabundnu framlagi þeirra í sérstakan Kynningarsjóð. Unnið er að nánari útfærslu tillagna um með hvaða hætti þessu verði skipt og verða þær tillögur kynntar á ársfundi ASÍ í október.

